

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

Kotabyggð 26, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 5. nóvember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kotabyggð 26 á Svalbarðseyri. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður. Heimilt er að byggja eitt íbúðarhús auk gestahúss allt að 30 m². Samanlagt hámarksbyggingarmagn er 300 m². Um er að ræða heilsársbyggð. Að öðru leyti gilda gildandi deiliskipulagsskilmálar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 10. febrúar 2025,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. febrúar 2025